

BROR

hirslur

Upplýsingar um ábyrgðir

10



Daglegt líf heima og í vinnunni gerir miklar kröfur til hirslna. BROR hirslurnar hafa verið prófaðar og standast ströngustu kröfur um gæði og endingu. Þess vegna getum við boðið 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á öllum aðalhlutum BROR hirslukerfisins. Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

10

BROR hirslur eru með 10 ára ábyrgð.

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir frá kaupdegi í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupnum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færir ekki á milli eigenda.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Þessi ábyrgð nær til galla í efni, framleiðslu og virkni á öllum aðalhlutum BROR hirslulínunnar.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær ekki yfir:

- BROR hjólavagna
- BROR vinnubekk
- BROR vinnubekk með skúffum
- BROR skúffu, 84×39 cm
- BROR skúffu, 84×54 cm
- BROR skáp, 85×40×191 cm

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA.

Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavininn útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar eða settar saman á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breyttar eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið höfð utandyra, í beinu sólarljósi í langan tíma eða þar sem er raki, til dæmis inni á baðherbergi.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Umhirðuleiðbeiningar

Hertu skrifur eftir tvær vikur og kannaðu ástand þeirra reglulega, um tvisvar á ári. Yfirborðsfletir: Þrífðu með klút vættum með vatni eða mildri sápu. Þurrkaðu með þurrum klút.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Hafðu samband Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á IKEA.is.

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

